

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 7. apríl 2021.

Staður: Rafrænn fundur með Microsoft Teams.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.17.40.

Mættir: Hrafnkell Marinósson, Aðalsteinn Valdimarsson, Karl Georg Klein, Viðar Halldórsson, Ragnar Hilmarsson, Magnús Gunnarsson, Hörður Þorsteinsson og Kristinn Arason. Forföll: Sveinn Sigurbergsson.

Dagskrá:

1. Sportabler – yfirfærsla og frekari stafræn vegferð

Bréf frá Sportabler 2. mars sl. lagt fram til kynningar og umræðna. Sportabler og Nóri hafa sameinað lausnaframboð sitt með því markmiði að sameina það besta úr báðum kerfum. Kostnaður félaga við Sportabler ræddur. Framkvæmdastjóra ÍBH falið að ræða við Hafnarfjarðarbæ um kostnaðarpáttöku vegna frístundastyrkja bæjarfélagsins.

2. Dansþing 20. maí 2021 Íþróttamiðstöðin Laugardal Reykjavík

ÍBH á rétt á að senda einn fulltrúa með málfrelsi og tillögurétt.

3. Sundþing 1. júní 2021 Íþróttamiðstöðin Laugardal Reykjavík

ÍBH á rétt á að senda einn fulltrúa með málfrelsi og tillögurétt.

4. Íþróttir barna og unglunga - Börn af erlendum uppruna

Bréf frá ÍSÍ frá 10. mars sl. lagt fram til kynningar. Verið er að vekja athygli á bæklingnum, Íþróttir barnsins vegna á ensku og heitir hann þá Sports – for our children, hann inniheldur stefnu ÍSÍ í íþróttum barna og unglunga, hægt er að nálgast hann rafrænt undir <https://www.isi.is/fraedsla/ithrottir-barna-og-unglinga/> Einnig er verið að vekja athygli á bæklingnum, Vertu með, á átta tungumálum. Markmiðið með útgáfu hans er að auka þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í skipulögðu íþróttastarfi. Hægt er að nálgast bæklinginn ræfrænt á ensku undir,

https://isi.is/library/Skrar/Fraedslusvid/Fraedslubæklingar/Vertumed_enska_web.pdf?

≡

Aðildarfélög ÍBH eru beðin um að dreifa upplýsingunum um þessa bæklinga innan félaganna.

5. Ábending varðandi rafíþróttir / rafleiki

Bréf frá ÍSÍ frá 12. mars sl. lagt fram til kynningar. Nýlega skipaði mennta- og menningarmálaráðherra starfshóp sem hefur það hlutverk að móta stefnu með það að markmiði að efla umgjörð í kringum rafíþróttir / rafleiki og eiga ÍSÍ og UMFÍ fulltrúa í þeim hópi. Aðildarfélög eru hvött til að virða útgefin aldurstakmörk þeirra leikja sem spilaðir eru á vettvangi þeirra auk þess að tryggja að inntak leikjanna sé í samræmi við siðareglur og gildi viðkomandi félags og þeirra samtaka sem þau tilheyra.

6. Greiðslur til íþróttafélaga vegna fjármuna ríkisins

Bréf frá ÍSÍ frá 12. mars sl. lagt fram til kynningar. ÍSÍ greiddi 300 milljónir króna til íþróttafélaga í landinu sem hafa orðið fyrir tjóni vegna Covid 19. Fjórtán aðildarfélög innan ÍBH fengu greiðslur að upphæð kr. 23.639.889.

7. Fundargerð nefndar um fjármögnun íþróttafélaga

Fundargerð frá 16. mars sl. lögð fram til kynningar. Stefnt er að, að halda vinnunni áfram frá og með hausti 2021 og að nýr sjóður verði settur á laggirnar frá og með árinu 2022.

8. Ferðasjóður íþróttafélaga 2020

ÍSÍ úthlutaði 95 milljónum króna til félaga á landsvísu vegna keppnisferða innanlands 18. mars sl. En 127 milljónir króna voru í sjóðnum 2020. Tvö aðildarfélög innan ÍBH fengu úthlutun samkvæmt umsóknum voru það, FH kr. 180.331 og Haukar kr. 1.258.735. Knattspyrnufélög á landsvísu fengu kr. 69.414.904 af heildarupphæðinni.

9. Varðandi Nóri / Sportabler

Bréf frá ÍSÍ frá 31. mars sl. lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjóra ÍBH falið að hafa samband við ÍSÍ vegna þess.

10. Hnefaleikaping 2. maí 2021 Íþróttamiðstöðin Laugardal Reykjavík

ÍBH á rétt á að senda einn fulltrúa með málfrelsi og tillögurétt.

11. Tímaúthlutunarnefnd ÍBH 2021-2022

Eftirtaldir aðilar skipa nefndina, fulltrúi DÍH er Atli Már Sigurðsson, fulltrúi Hauka er Helga Helgadóttir, fulltrúi FH er Árni Freyr Guðnason, fulltrúi BH er Hörður Þorsteinsson, fulltrúi Fjarðar er Þröstur Erlingsson. Fulltrúa vantar frá Björk og Blakfélagi Hafnarfjarðar.

12. Myndataka stjórnar ÍBH 2019-2021

Frestað, þar sem fundurinn var rafrænn.

13. Önnur mál

a). MG kynnti hugíþróttadeild Hauka sem eru skák og rafíþróttir undir stjórn Kristjáns Ómars Björnssonar. Starfsemin fer fram í Núskólanum við Flatarhraun / Reykjavíkurveg.

b). MG upplýsti fundarmenn um 90 ára afmæli Hauka 12. apríl nk. Morgunblaðið gefur út veglegt blað að tilefni afmælisins sem verður dreift í öll hús. Stefnt er að því að taka skóflustungu að nýju knattúsi Hauka á afmælisdaginn, auk fleiri viðburða sem verða dreift á árið.

c). HM bar upp þá tillögu við stjórn ÍBH að fresta 52. þingi ÍBH til haustsins vegna aðstæðna í samfélaginu, tillagan var samþykkt af öllum fundarmönnum. Áætlað var að halda 52. þing ÍBH 15. maí nk.

d). KA upplýsti fundarmenn um að Andrasalur í Íþróttamiðstöðinni Björk væri í augnablikinu ónothæfur fyrir íþróttaiðkun. Unnið er að viðgerð sem gæti tekið lengri tíma.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.